

Nefndasvið Alþingis

4.maí. 2021

Austurstræti 8-12

150 Reykjavík

Landssamband eldri borgara, LEB, hefur borist nýtt frumvarp nr. 1179. mál 700. til breytinga á lögum um lífeyrissjóði. nr.129/1997

LEB lýsir stuðningi sínum við að 15,5% iðgjald til lífeyrissjóða verði lögbundið og sjóðasfélögum sé gefið aukið valfrelsi með tilkomu tilgreindrar séreignar.

LEB gerir alvarlegar athugasemdir við 6. gr frumvarpsins og telur skorta öll rök fyrir því að lífeyrisgreiðslur séu verðtryggðar árlega í stað mánaðarlega. Við 2,5% verðbólguþolmið Seðlabanka Íslands yrði lífeyrisþegi af 1,1% af lífeyri við árlega uppfærslu skv. verðlagsþróun þegar miðað er við að lífeyristaki taki lífeyri frá 67 ára aldri til 83 ára aldurs.

LEB saknar þess að ekki er kveðið á um greiðsluskyldu atvinnurekenda vegna iðgjalds í lífeyrissjóði vegna starfsmanna sem náð hafa 70 ára aldri.

LEB telur rétt að frumvarpið hljóti brautargendi að teknu tilliti til framangreindrar athugasemda.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd LEB

Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Formaður